



Alþingi – allsherjarnefnd
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2010

Efni: Umsögn Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010–2013 (42. mál, fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011)

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Hagstofu Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Hagstofan telur málefnið áhugavert frá sjónarmiði upplýsingaöflunar til að styðja við stefnumótun um byggðaaætlun 2010–2013 og við mat á árangri af henni. Í þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru til „hrinda markmiðunum í framkvæmd“ kemur Hagstofa Íslands við sögu í fjórum þeirra. Að auki er í fylgiskjali með tillögunni til þingsályktunar gerð grein fyrir Evrópsku hagskýrslusvæðaskippingunni, NUTS, en málefni þetta tengist Hagstofu Íslands.

Hagstofan er nefnd sem samstarfsaðili í fjórum verkefnum auk þess að sérstakur kafli er um skiptingu landsins samkvæmt NUTS og vísað í Hagstofu.

- 10. kafli tölfræðileg gögn um byggðapróun
 - 23. kafli rannsóknir á ferðaþjónustu
 - 28. kafli rannsóknir á búferlaflutningum
 - 30. kafli áætlun um útrýmingu á kynjabundnum launamun
- Kafli 3.3.2 NUTS flokkunarkerfið um landsvæði.


Almennt séð hefur Hagstofan takmarkað bolmagn til þess að veita ítarlegar tölulegar upplýsingar eftir landsvæðum, en gerir það samt eftir því sem við verður komið í töflum á vefsíðum stofnunarinnar. Hið sama má segja um tölulegar upplýsingar sem sýna sundurliðun á konum og körlum en jafnan er leitast við að birta slíkar sundurliðanir þar sem því verður við komið. Er það í samræmi við stefnu Hagstofunnar að veita eins sundurliðaðar tölulegar upplýsingar og gagnatrúnaður og kostnaðarsjónarmið leyfa.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun er að finna verkefni sem tengjast Hagstofunni og krefjast að hennar mati umtalsverðra rannsókna og fjármuna ef þeim verður hrint í framkvæmd. Má þar nefna verkefni tengd kafla 23 um ferðaþjónustu, kafla 28 um rannsókn á búferlaflutningum og kafla 30 um kynjabundinn launamun.

Þá er í tillögu nr. 42 til þingsályktunar fjallað um nauðsyn þess að tölfræðilegum gögnum um byggðapróun sé skipulega safnað saman. Sjálfsagt er að styðja slíkt markmið og vill Hagstofan leggja því lið ef nauðsynlegur stuðningur fæst. Hagstofan vill þó koma á framfæri einni mikilvægri hlið þessara mála sem gjarnan vill gleymast varðandi

upplýsingar byggðar á svæðaskiptingu landsins. Forsenda þess að fjármunir nýtist í uppbyggingu gagnagrunna um landsvæði er að hér á landi skapist trúverðug festa um afmörkun landsvæða. Hagstofa gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessum efnunum 18. mars 2010 þegar Alþingi óskaði eftir athugasemdum við þingsályktun um „sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt“ (Sóknaráætlun 2020). Í stuttu máli er Hagstofan reiðubúin að efla tölfraðilega upplýsingagjöf stofnunarinnar eftir landsvæðum að því gefnu að ákvarðanir stjórnvalda liggi fyrir í nánustu framtíð um hvernig svæðaskiptingu landsins skuli háttáð. Þetta er ekki einfalt verkefni en er að mati Hagstofunnar brýnt mál og er stofnunin reiðubúin að koma að þeirri vinnu ef eftir því verður óskað.

Virðingarfyllst,

Handwritten signature of Magnús S. Magnússon in black ink.

Magnús S. Magnússon,
skrifstofustjóri og staðgengill hagstofustjóra